

Miðvikudaginn 20. desember 1978.

Nr. 204/1976. **Mats Wibe Lund**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og

menntamálaráðherra f. h.

Þjóðminjasafns Íslands

(Sigurður Ólason hrl.).

Höfundalög. Ljósmyndir. Kaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. október s. á. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 40.480 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. september 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf áfrýjanda, dags. 26. febrúar 1977, þar sem hann í tilefni máls þessa óskar eftir yfirlýsingu stjórnar Ljósmyndarafélags Íslands „um að í gjaldskrárlið s. h. stækkanir (óretuseraðar) sé alls ekki fólgið neitt endurgjald fyrir höfundarrétt.“

Í svari stjórnar Ljósmyndarafélagsins 7. mars 1977, sem einnig hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, segir svo:

„1. Í gjaldskrárlið félagsins s. h. v, stækkanir (óretuseraðar) er ekki innifalið neitt gjald fyrir höfundarrétt eða birt-ingarrétt. Í umræddu verði er aðeins um að ræða greiðslu fyrir stækkanir á filmum, og skiftir þá engu máli, hvort um er að ræða eigin filmur ljósmyndarans eða filmur, sem út-

vegaðar hafa verið af verkkaupanda, þ. e. a. s. hér er aðeins um úrvinnslu að ræða en ekki frumvinnu.

2. Höfundar/birtingarréttur greiðist eftir tegund afnota, sbr. sundurliðun í birtingarréttar gjaldskrá, en þó því aðeins, að um eigin filmur ljósmyndarans sé að ræða. Í þeim tilvikum, sem ekki er getið í birtingarréttar verðskrá, hlýtur birtingarréttar gjald að verða samningsatriði milli ljósmyndarans og verkkaupanda.“

II.

Ljósmyndir þær, sem um er fjallað í málinu, eru ekki meðal málsgagna. Héraðsdómur, sem skoðað hefur myndirnar, hefur ekki tekið afstöðu til þess, hvort telja beri þær til verka, sem eigi undir hugtakið ljósmyndalist, sbr. 2. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Í greinargerð stefndu fyrir héraðsdómi verður að teljast viðurkennt, að svo sé. Ber því að miða við það í máli þessu, að ákvæði 25. gr. höfundalaga eigi beint við um myndir þessar.

Það er ekki ágreiningsefni í málinu, að með kaupum sínum á ljósmyndunum hafi Þjóðminjasafn Íslands öðlast rétt til þess að sýna myndirnar opinberlega, eins og það gerði, heldur hitt, hvort áfrýjandi hafi reiknað sér hærra endurgjald fyrir þær en honum hafi verið heimilt samkvæmt samningi málsaðilja.

Aðiljar eru á eitt sáttir um það, að fyrirfram hafi ekki verið samið um ákveðið verð fyrir ljósmyndirnar. Stefndu telja sér óskylt að greiða annað endurgjald fyrir myndirnar en samkvæmt þeim lið í verðskrá Ljósmyndarafélags Íslands, sem þar er nefndur: Svart/hvítar stækkanir (óretúseraðar) . . . 50x60 cm.

Þegar virt eru skipti málsaðilja, þykir verðskrá Ljósmyndarafélags Íslands eða samningar aðilja ekki standa því í vegi, að áfrýjandi mætti reikna sér til viðbótar gjaldi samkvæmt greindum gjaldskrárlið sérstakt endurgjald vegna þess, að hann gerði stækkanir handa Þjóðminjasafni eftir myndum úr eigin myndasafni. Því hefur verið lýst yfir af hálfu stefndu, að þeir andmæli ekki kröfum áfrýjanda tölulega umfram

það, sem leiðir af því meginviðhorfi þeirra til kröfugerðar áfrýjanda, sem að framan var greint. Verða kröfur hans samkvæmt þessu teknar til greina.

Rétt er, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f. h. Þjóðminjasafns Íslands, greiði áfrýjanda, Mats Wibe Lund, 40.480 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. september 1974 til greiðsludags og 160.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. maí sl., hefur Mats Wibe Lund, Hraunbæ 34, Reykjavík, höfðað á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f. h. Þjóðminjasafns til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 40.480 með 13% ársvöxtum frá 1. september 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær kröfur gerðar, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Sættir hafa verið reyndar fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1974 var haldin sýning í Lenin-grad á vegum íslenska ríkisins. Hönnun þessarar sýningar annaðist m. a. Jóhannes Jóhannesson listmálari. Sýning þessi var á vegum safna-, lista- og æskulýðsmáladeildar menntamálaráðuneytisins. Á sýningu þessari voru annars vegar sýndir munir úr Þjóðminjasafni, en hins vegar nútímamunir og ljósmyndir. Þjóðminjasafnið á gamlar myndir af landi og lífsháttum, en til þess að fá myndir frá nútímanum var leitað til Mats Wibe Lund, einkaeiganda Ljósmyndapjónustunnar s/f (sic). Jóhannes Jóhannesson listmálari og Þór Magnússon þjóðminjavörður völdu í sameiningu nokkrar myndir til sýningarinnar frá stefnanda. Samkvæmt fram-

burðum stefnanda og Jóhannesar Jóhannessonar hér fyrir dómi ræddu þeir ekkert um fjárgreiðslur vegna þessa, og er óumdeilt, að ekki var samið um endurgjald fyrir myndirnar. Alls voru valdar 16 ljósmyndir. Stefnandi segir, að myndir þessar hafi verið úr ljósmyndasafni (foto-arkiv), sem hann reki. Stefnandi dagsetti reikning sinn 20. júlí 1974 og segist hafa sent Þjóðminjasafni Íslands þennan reikning, en það hafi sent reikninginn beina boðleið til mentamálaráðueytisins. Reikningnum fylgir verkseðill. Kemur þar fram, hvað gert hefur verið, og sést þar, að krafið er um kr. 47.520 vegna efnis og vinnu, en kr. 40.480 vegna birtingarréttar á sýningu. Krafan vegna efnis og vinnu var greidd af ráðuneytinu, en með bréfi ráðuneytisins, dags. 11. okt. 1970, var synjað um greiðslu fyrir birtingarrétt og sagt, að ekki væri lagaheimild til þess að greiða fyrir slíkt.

Kröfu sína um birtingarrétt styður stefnandi við gjaldskrá Ljósmyndarafélags Íslands frá 15. mars 1974. Í þeirri skrá, sem liggur frammi sem dskj. nr. 16, er liður, sem nefndur er birtingarréttur fyrir sýningar, kr. 2.530. Stefnandi finnur stefnukröfu sína þannig, að hann margfaldar þessa tölu með fjölda ljósmyndanna, þ. e. 16, og fær út kr. 40.480, og er það stefnufjárhæðin. Hann segir, að lengi hafi verið í gildi lágmarksverðskrá Ljósmyndarafélags Íslands. Dómsskj. 16 er að hans sögn gjaldskráin, eins og hún er afgreidd frá félaginu. Stefnandi, Mats Wibe Lund, hefur sagt hér fyrir dómi, að lágmarksverðskrá Ljósmyndarafélags Íslands sé samin af gjaldskrárnefnd Ljósmyndarafélagsins og hún sé endurskoðuð, þegar þörf þygi, og lögð fyrir verðlagsstjóra. Stefnandi er félagi í Ljósmyndarafélagi Íslands. Félagar þar eru meistarar og sveinar með ljósmyndaréttindi.

Stefnandi heldur því fram, að fyrst ekkert var rætt um endurgjald fyrir myndirnar þá gildi lágmarksgjaldskráin. Hann bendir á, að höfundaréttur hans að myndunum sé ekki vefengdur. Hann vitnar til laga nr. 80/1972 um staðfestingu Bernarsáttmála frá 1971 og höfundalaga nr. 73/1972 því til stuðnings, að hann eigi rétt á endurgjaldi fyrir sinn höfundarétt. Samkv. 2. mgr. 1. gr. laga 73/1972 sé ljósmyndalist varin af ákvæðum laganna. Hann hafi samþykkt birtingu myndanna, og þar sem ekkert var samið um verð, megi líta svo á, að hann hafi áskilið sér endurgjald fyrir birtingarrétt í skilningi 25. gr. laga 73/1972 á grundvelli gjaldskrárinnar.

Af hálfu stefndu er aðalkrafan fyrst og fremst reist á því, að

það sé grundvallarregla höfundaréttarins, að sá, sem hefur eignarétt á eintaki myndlistarverks, hvort sem þar er um að ræða frummynd eða eftirmynd, geti sýnt það almenningi, án þess að greiðsla komi fyrir. Telja stefndu þessa reglu lögfesta með 25. grein höfundalaga nr. 73/1972. Segja þeir, að þessi regla sé í samræmi við ákvæði höfundalaga flest allra ríkja, þ. á m. norrænu höfundalaganna. Þeir benda á, að greinin eigi reyndar ekki beint við um aðrar ljósmyndir en þær, sem telja verði listrænar, sbr. 1. gr. laganna og greinargerð með þeim. Hins vegar leiki varla vafi á því, að umræddar ljósmyndir falli undir ljósmyndalist, þótt viðurkenna verði, að flokkun ljósmynda í listrænar og ólistrænar myndir verði ætíð nokkuð matskennd. Það skipti í raun ekki höfuðmáli undir hvorn flokkinn ljósmyndirnar falla, því niðurstaðan verði sú sama, hvort sem þær teljist listrænar eða ekki. Samkvæmt 49. gr. höfundalaga sé gerð undantekning frá meginreglunni í 25. gr. og höfundi áskilin þóknun fyrir birtingu ólistrænna ljósmynda, séu þær birtar í atvinnu- eða ávinningsskyni. Augljóst sé, að skilyrðinu um birtingu í atvinnu- eða ávinningsskyni sé ekki fullnægt, þar sem hér hafi verið um að ræða sýningu á íslenskum fornminjum, sem sýnd hafi verið í Rússlandi sem liður í menningarsamskiptum Íslands og Sovétríkjanna. Sýning þessi hafi verið í þjóðfræðasafni (Etnografiska safninu) í Leningrad.

Ljóst sé af framansögðu, að stefnandi geti ekki reist kröfu sína á greiðslu fyrir birtingarrétt á ákvæðum höfundalaga. Hann geti heldur ekki byggt kröfu sína á því, að samningur eða samningsígildi hafi komist á um greiðslu fyrir birtingarrétt. Það komi glögggt fram í stefnu, að ekki hafi verið samið um greiðslu fyrir birtingarréttinn, og við samningsgerðina hafi á engan hátt verið vísað til lágmarksgjaldskrár Ljósmyndarafélags Íslands. Gjaldskrá þessi sé sett einhliða af ákveðnum hagsmunahópi og beri nánast að líta á hana sem tilraun þessa hóps til þess að koma á stöðluðum ákvæðum (standard klásúlum) í samningum sínum, er áskilji þessum hópi óeðlilega hagstæð samningskjör miðað við ákvæði í höfundalögum. Þá er því haldið fram, að gjaldskrá þessi hafi ekki hlotið staðfestingu verðlagsyfirvalda.

Varakröfu sína byggja stefndu á því, að jafnvel þótt talið yrði, að greiðsluskylda væri fyrir hendi vegna birtingarréttar, þá sé ekki þar með sagt, að fjárhæð greiðslunnar skuli fara eftir svo nefndri lágmarksverðskrá Ljósmyndarafélags Íslands eða miðuð við hana á nokkurn hátt.

Ljósmyndir þær, sem um er deilt, eru nú í Þjóðminjasafni, og hefur dómurinn skoðað þær.

Álit dómsins.

Samkvæmt 1. gr., 2. mgr., laga nr. 73/1972 hefur höfundur að bókmenntaverki eða listaverki eignarrétt á því með þeim takmörkunum sem í lögunum greinir. Samkv. 2. mgr. sömu greinar telst ljósmyndalist til bókmennta og lista í lögunum. Í II. kafla laganna eru ákvæði, sem takmarka höfundarétt. Samkv. 2. mgr. 49. gr. laganna taka ákvæði II. kafla til ljósmynda, sem ekki njóta verndar laganna sem listaverk. Séu þannig ákvæði II. kafla laganna talin eiga við, skiptir ekki máli, hvort ljósmynd er talin listaverk eða ekki.

Í 25. gr., 1. mgr., laga nr. 73/1972, en greinin er í II. kafla laganna, segir: „Nú hefur eintak af myndlistaverki verið afhent til eignar, og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listasýningum er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á listasöfnum sé, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök, sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út“. Stefnandi og Jóhannes Jóhannesson listmálari, sem falaðist eftir myndunum hjá stefnanda, eru sammála um, að ekkert hafi verið rætt um endurgjald fyrir þær, og ómótmælt er, að stefnanda var ljóst, á hvers konar sýningu átti að nota myndirnar. Hér var ekki um venjulega listsýningu að ræða, heldur miklu frekar landkynningarsýningu.

Óumdeilt er, að stefndi hefur látið greiða fullt verð fyrir verk stefnanda og sé hann þannig orðinn eigandi myndanna. Aðilja greinir hins vegar á um, hvort stefnandi eigi að fá sérstaka þóknun fyrir réttinn til að sýna myndirnar á áminnstri sýningu. Þegar orðalag ofanritaðs ákvæðis 25. gr. laga 73/1972 er skoðað, þykir stefnandi hafa orðið að áskilja sér ótvírætt endurgjald fyrir sýningarréttinn, og þar sem um endurgjald var ekki rætt milli þeirra Jóhannesar, verði að telja ósannað, að hann hafi gert það. Þegar af þessari ástæðu þykir eiga að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Samkvæmt niðurstöðu málsins er rétt, að stefnandi greiði í ríkissjóð kr. 30.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Sigurði Línal prófessor og Þóru Kristjánsdóttur listfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f. h. Þjóðminjasafns, skulu sýknir af kröfum stefnanda. Stefndandi, Mats Wibe Lund, greiði í ríkissjóð kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. desember 1978.

Nr. 219/1978. Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni
Sævari Marinó Ciesielski og
Tryggva Rúnari Leifssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærum lýst fyrir héraðsdómara innan lögmæltis frests skv. 174. gr. áðurnefndra laga.

Gögn máls bárust Hæstarétti 20. desember 1978.

Varnaraðili Kristján Viðar krefst þess, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega og „að gæsluvarðhaldið skuli afplánað í ríkisfangelsi og kærandi hljóti þar sömu meðferð og almennir fangar“. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili Sævar Marinó krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur og „tilhögun og framkvæmd gæsluvarðhaldsins verði breytt frá því, sem verið hefur“. Hann krefst og kærumálskostnaðar.